

Fundur Delta deildar í Reykjavík

8. Mars 2023

Fundurinn var haldinn í húsnæði Skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12 og hófst kl 17:30.

Þar tóku á móti okkur Soffía Vagnsdóttir félagi í Kappa deild, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu og Guðrún Edda Bentsdóttir landssambands forseti.

Halldóra Jónsdóttir formaður viðhafði nafnakall og mættar voru: Guðlaug Sverrisdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Ásta Egilsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Jónína Erna Arnardóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir, Hildur Þorsteinsdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Þórunn Reykdal, Valgerður Janusdóttir. Þá skilaði formaðurinn kveðjum frá fjarstöddum konum.

Formaður setti fundinn og bað Sigurveigu ritara að kveikja á kertunum. Fór síðan yfir erindi frá Landssambandinu m.a. um landsþingið í Hveragerði í maí, ráðstefnu í Finnlandi og styrki til ferða og ráðstefna. Hún skilaði einnig kveðju frá Gyðu Bergþórsdóttur félagskonu sem þær Elísabet höfðu heimsótt á Dvalarheimilið Höfða deginum áður. Við áttum með henni góða stund, færðum henni rósir og kveðjur frá Deltadeildinni. Rifjuðum upp eitt og annað úr starfinu. Gyða verður 94 ára í næsta mánuði , sagði formaðurinn.

Á stjórnarfundum þann 1. mars sl. var ákveðið að breyta til á síðara starfsárinu, á þann veg að fela undirbúning funda félagskonum. Skipta okkur í hópa. Taka upp skipulag eins og tíðkaðist hér áður að þær sem búa á sama svæði verði falinn undirbúningur funda í

samvinnu við stjórnina. Vonum að þetta falli í góðan jarðveg hjá félagskonum.

Þá var komið að erindi Soffíu sem nefndist “forvitni-sköpun-mennska”. Þar fjallaði hún um óttann við breytingar sem hefði svo áhrif á hvernig horft væri til framtíðar. Það væri mikilvægt að breyta hugarfari og í stað þess að líta á framtíðina með ótta og áhyggjum þá að líta á hana sem afl til breytinga og umgjörð um spennandi tækifæri. Einnig ræddi hún áherslubreytingar í menntun og kennslu og vitnaði í nýja skýrsla WEF þar sem tilfinningagreind, leiðtoga- og félagsfærni auk frumkvæðishæfni eru talin mikilvægustu áherslupættir í menntun. Hún taldi að í ljósi þess þyrfti að skoða þá menntun sem veitt er í skólum landsins. Þar þyrfti einnig að huga enn frekar að fjölmenningu og að láta raddir barna heyrast.

Sigrún flutti síðan orð til umhugsunar. Nefndi hún þau: Breytingar-framfarir ? Hún sagðist ekki vera jafn viss og Soffía um að allar breytingar væru framför. Hún fór síðan yfir þær samfélagsbreytingar sem orðið hafa frá því hún fæddist og þar til dagsins í dag. Ekki síst eru breytingar á tungumálinu henni áhyggjuefni. Varpaði hún í lokin fram spurningunni “erum við síðasta kynslóðin sem talar þokkalega íslensku?”. Sannarlega orð til umhugsunar.

Fundarstörfum lauk í Borgartúninu um kl. 19:00. Þá var farið á tælenska veitingastaðinn Ban Tai, Laugavegi 30 við Hlemm, í göngufæri frá Borgartúninu. Happprættið var á sínum stað og fékk Gunnhildur vinninginn. Borðuðum síðan góðan mat og var öllu lokið kl. 20:30 eftir ánægjulega samveru.